

Nd.

557. Nefndarálit

[223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi þessu er það flutt í framhaldi af ákvörðun um fiskverð.

Nú nema vanskilaskuldir sjávarútvegs hundruðum milljóna króna og skuldadæmi greinarinnar í heild er talsvert á annan milljarð króna. Þó eru nýafstaðin einhver mestu aflaár Íslandssögunnar. Sjávarútvegur, bæði veiðar og vinnsla, hefur á þessum árum verið meira og minna undir forræði ríkisvaldsins. Þar koma til lán, styrkir og verðlagsákvarðanir sem eru komnar langt frá markmiðum laganna um Verðlagsráð frá 1961. Tilgangur laganna **var** að koma á frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda, án beinna afskipta ríkisstjórnar. Hins vegar hefur reyndin orðið sú að embættismenn í krafti ríkisstjórna ákveða fiskverð. Það hefur orðið þeirra hlutskipti að bera kröfur „samningsaðila“ til ríkisstjórnar og flytja síðan til baka boðskapinn um aðgerðir stjórnarinnar, s. s. gengisfellingar og millifærslur úr sjóðum og niðurgreiðslur.

Þetta fyrirkomulag á auðvitað ekkert skylt við frjálstan atvinnurekstur.

Þetta kerfi ríkisforsjár og meðaltalsreikninga til núllafkomunnar hefur firrt atvinnurek-
endur því **frumkvæði og ábyrgð** sem eru nauðsynleg fyrir heilbrigðan atvinnurekstur.

Í þessu kerfi þrífst hallærisrekstur, sem heldur niðri launum fólks, og stórgróðarekstur sem fitnar eins og fjóspúki.

Það frumvarp sem hér er til afgreiðslu er skilgetið afkvæmi þessarar óábyrgu ríkisforsjár og er undarleg niðurstaða ríkisstjórnar sem þykist standa fyrir nýsköpun.

Minni hl. mun ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Guðmundur Einarsson.